

Nd.

67. Nefndarálit

um frumv. til laga um merking á kjöti.

Vjer sem háttv. neðri deild fól að ihuga frumvarp þetta, höfum nú borið oss saman um það, og orðið ásáttir um, að það eigi fram að ganga, enda gekk samskonar frumvarp gegnum þessa deild á síðasta þingi. Að því leiti sem frumv. þetta er frábrugðið hinu fyrra, þá miðar það í þá átt að gera kjötskoðunina tryggilegri, því nú er ekki nema lærðum læknum ætluð skoðun og merking kjötsins. Hefir nú dýralæknirinn í Reykjavík sætt sig betur við frumv. þetta, en hið fyrra.

Rjett þykir nefndinni að gera viðauka við 2. gr. í þá átt, að banna þá merking á kjöti, er vilt geti um hið löggilta heilbrigðismerki. Ennfremur vill nefndin, að frumv. verði að lögum jafnskjótt og það nær staðfestingu. Vjer gerum því þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögum, að hælt sje við að um verði vilst.

Aftan við 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr. svohljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 24. júlí 1912.

Stefán Stefánsson. þm. Eyf.,
form. framsögum.

Pjetur Jónsson,
skrifari.

Sigurður Sigurðsson.